

Mánudagurinn 18. mars 2002

179. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/2002

**Erindi vegna meintrar sölusynjunar
Eddu–miðlunar og útgáfu hf. á bókum**

I.

Erindið og málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 7. desember 2001, frá Guðmundi H. Magnasyni f.h. BT og Karel Rafnssyni f.h. Office 1. Í erindinu er kvartað yfir því að Edda–miðlun og útgáfa hf. (hér eftir nefnd Edda) hafi neitað að selja verslunum BT og Office 1 bækur. Um ástæðu Eddu fyrir meintri sölusynjun er haft eftir fyrirtækinu að það þjóni ekki hagsmunum þess þar sem verslanir BT og Office 1 bjóði ekki bækur til sölu allt árið. Er það mat kvartanda að með slíkri hegðun sé Edda að vernda bóksölu verslana sem séu hluti af markaðsráðandi verslunarsamsteypu sem selji þó ekki bækur allt árið. Edda stuðli því að háu verðlagi á bókum á mesta sölutímanum sem stríði gegn hagsmunum neytenda. Loks segir að það geti ekki talist eðlilegir viðskiptahættir að kvartendur sitji ekki við sama borð og aðrir hvað varðar markaðsaðgang og kjör.

2.

Samkeppnisstofnun sendi erindi BT og Office 1 til Eddu með bréfi, dags. 7. desember 2001, þar sem óskað var eftir athugasemdum fyrirtækisins. Í bréfi stofnunarinnar var m.a. vakin athygli fyrirtækisins á því að samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sbr. lög nr. 107/2000 væri misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Stofnuninni barst svar frá Eddu, dags. 11. desember 2001. Í svarinu segir að kvartendum hafi ekki verið neitað um kaup á bókum sem Edda gefi út. Þegar Samkeppnisstofnun hafi verið sent umrætt erindi hefði hvorki borist formleg beiðni frá kvartendum um viðskipti með bækur né pöntun á bókum. Það hefði ekki verið gert fyrr en 10. desember og þá í nafni Aco–Tæknivals. Fyrirtækinu hafi þá verið boðnar bækur með [...] ¹ afslætti, gegn staðgreiðslu og því að bókunum myndi ekki fylgja skilaréttur. Kvartendur hefðu hins vegar látið uppi óskir um að fá sambærileg kjör og

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

Hagkaup væru með hjá Eddu. Það hafi Edda ekki getað fallist á og eru í svarinu nefndar nokkrar ástæður í því sambandi:

- „1. Félagið hefur mikla reynslu af viðskiptum við þessa aðila, sem hafa reynst öruggir viðskiptamenn sem jafnan greiða viðskiptaskuldir sínar innan umsamins greiðslufrests.*
- 2. Stærstu viðskiptaaðilar okkar geta vegna stærðar sinnar keypt mikið af bókum í einu, sem einfaldar afgreiðslu og afhendingu og felur því í sér minni kostnað við dreifingu og umsýslu.*
- 3. Þessir aðilar hafa áralanga reynslu af bóksölu og bókainnkaupum og því er hægt að treysta því að ekki sé pantað mikið magn bóka sem síðan er skilað aftur óseldum.*
- 4. Komið hefur fram í fjölmiðlum á sl. vikum að Aco Tæknival hf., sé ekki vel stætt fjárhagslega, mikill halli hafi verið á rekstrinum og greiðslustaða erfið; við teljum okkur þurfa að gæta hagsmuna okkar með því að fara fram á staðgreiðslu.“*

Þá segir í svarinu að svokallaður jólabókamarkaður sé nokkuð sérstakur. Flestir smásöluaðilar geti skilað bókum til útgefenda sem þýði að þeir síðarnefndu þurfi að taka við óseldum bókum eftir jól og bakfæra skuld bóksalans í samræmi við vöruskil. Miklu skipti því um afkomu útgefenda að upplög séu í samræmi við áætlaða sölu þar sem margir bókatitlar seljist lítið eftir jól. Rétt birgðastýring skipti því öllu máli um rekstrarafkomu útgefenda. Ef útgefendur þyrftu að afhenda hverjum sem þess óskaði bækur til endursölu í desember, jafnvel þeim sem aldrei hafi selt bækur, gegn 30 eða 60 daga greiðslufresti yrði ómögulegt fyrir þá að stjórna þessum lykilþætti í starfsemi sinni. Þekking á smásölu bóka sé mikilvæg til að tryggja að ekki séu pantaðar miklar birgðir af bókum sem ekki seljist og sé síðan skilað, útgefendum til óbætans tjóns.

Í svarinu segir ennfremur að Eddu sé ekki ljóst hvað kvartandi eigi við með því að fyrirtækið sé að vernda bóksölu hjá markaðsráðandi verslunarsamsteypu. Edda sé ekki kunnugt um verslunarsamsteypu sem sé markaðsráðandi í smásölu á jólabókum. Þá er því mótmælt að viðskiptahættir Eddu verndi sölu tiltekinna aðila, stuðli að óeðlilegum viðskiptaháttum eða vinni gegn hagsmunum neytenda. Slíkar fullyrðingar eigi ekki við nein rök að styðjast. Þá segir að Edda geri enga einkasölusamninga um sölu á bókum fyrir jólin.

Edda hafnar því að fyrirtækið sé markaðsráðandi á þeim markaði sem það starfi á en óháð því sé það skoðun fyrirtækisins að þau viðskiptakjör sem kvartendum hafi verið boðin hafi falið í sér sanngjarna og eðlilega viðskiptaskilmála sem hafi gert þeim kleift að taka þátt í bóksölu á jólabókamarkaði. Þá telji félagið sig ekki vera í aðstöðu til að mismuna viðskiptavinum sínum með óeðlilegum hætti, enda sé það ekki gert, en mismunandi viðskiptakjör byggja eins og að framan greini á hlutlægum og málefnalegum ástæðum.

3.

Samkeppnisstofnun sendi svar Eddu til kvartenda með bréfi, dags. 12. desember 2001, þar sem þeim var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við svarið. Stofnuninni bárust umbeðnar athugasemdir með bréfi, dags. 13. desember 2001, frá Bjarna Ákasyni f.h. Aco–Tæknivals (eiganda verslana BT og Office 1). Í svarinu segir að í ljósi þeirra athugasemda sem Edda hafi gert vegna fyrirhugaðra bókakaupa fyrirtækisins vilji fyrirtækið áréttta eftirfarandi:

„Starfsmenn okkar voru búnir að vera í símasambandi við bókaforlögin um að versla inn bækur fyrir AcoTæknival, öll tóku þau umleitunum okkar vel nema Edda Miðlun. Fyrst drógu þeir okkur á svari og höfnuðu síðan okkar beiðni strax um þessi viðskipti, því miður tókum við ekki þessi samtöl upp.

Hvað varðar þær 4 athugasemdir sem Edda gerir þá staðfesti þær eingöngu „samráðið“ sem Edda hefur viðhaft. Þar sem allir hafa viðskiptakjör og skilarétt en við einir fyrirtækja fáum ekki þessi kjör.“

Aco–Tæknival vísar á bug því sem fyrirtækið kallar aðdróttunum Eddu um slæma fjárhagsstöðu þess. Fyrirtækið hafi nú endurfjármagnað rekstur sinn og aukið hlutafé þannig að greiðslustaða sé góð. Gjaldfallnar skuldir Eddu við AcoTæknival séu hins vegar umtalsverðar. Þá er bent á að fyrirtækin hefðu átt í viðskiptum sl. ár þar sem þau hefðu veitt 30 daga gagnkvæman greiðslufrest.

4.

Samkeppnisstofnun sendi svar Aco–Tæknivals til Eddu með bréfi, dags. 17. desember 2001, þar sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við svarið. Svar frá Eddu barst stofnuninni með bréfi, dags. 18. desember 2001 þar sem fyrri sjónarmið fyrirtækisins eru að mestu ítrekuð. Þá er einnig bent á að AcoTæknival sé ekki eina fyrirtækið sem njóti umræddra kjara hjá Eddu. Loks segir að ekki geti allir farið fram á það hálfum mánuðu fyrir jól að fá afhentar bækur með fullum skilarétti. Það sé a.m.k. sérkennileg aðferð til að stofna til viðskipta.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 18. mars 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Í máli þessu kvartar Aco–Tæknival ehf. f.h. verslana sinna, BT og Office 1, yfir því að Edda–miðlun og útgáfa ehf. hafi neitað að selja verslununum bækur til endursölu fyrir sl. jól. Umræddar verslanir hafi ætlað sér að hefja bóksölu fyrir jólin og ekki átt í erfiðleikum með að fá afgreiddar bækur frá neinum bókaútgáfum nema Eddu sem ekki hafi viljað stofna til viðskipta á þeim forsendum að verslanirnar væru ekki heilsárs bóksalar. Að mati kvartanda er tilgangur Eddu með sölusynjuninni sá að vernda bóksölu hjá stórrí verslanakeðju sem ekki sé heilsársbóksali frekar en BT og Office 1. Hegðun Eddu stuðli því að háu verðlagi á bókum yfir mesta sölutíma ársins sem vinni á móti hagsmunum neytenda.

Í máli Eddu kemur fram að fyrirtækið hafi ekki neitað að selja kvartanda bækur til endursölu í verslunum sínum. Honum hefði verið boðnar bækur til sölu með [...]² afslætti gegn staðgreiðslu og þeim skilmálum að óseldum bókum yrði ekki hægt að skila eftir jól. Edda treysti sér ekki til að veita kvartendum sem séu verslanir sem ekki hafi áður selt bækur sambærileg kjör og stærstu viðskiptavinir fái. Þá kemur fram í máli Eddu að markaður fyrir jólabækur sé um margt sérstæður. Bóksalar geti að öllu jöfnu skilað þeim bókum til útgefanda sem ekki seljist fyrir jól og því sé mikilvægt að upplag af prentuðum bókum sé í samræmi við áætlaða sölu. Þekking verslana á smásölu bóka sé þannig nauðsynleg til að tryggja að ekki sé pantað of mikið af bókum sem síðan sé skilað til útgefenda, þeim til mikils tjóns. Þá kemur fram í máli Eddu að fyrirtækið hafi talið sig þurfa að gæta hagsmuna sinna þar sem komið hefði fram í fjölmiðlum að greiðslustaða kvartanda væri erfið. Loks segir að Edda geri ekki einkasölusamninga við einstaka bóksala.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samkeppnislaga er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Misnotkunin getur m.a. falist í því að viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt. Hér getur t.d. verið um það að ræða að fyrirtæki bjóði sumum af viðsemjendum sínum afslátt eða önnur viðskiptakjör sem ekki bjóðast öðrum sem eiga við það sams konar viðskipti. Í því skyni að meta hvort fyrirtæki sé markaðsráðandi er nauðsynlegt að skilgreina viðkomandi markað og kanna stöðu fyrirtækja á honum. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Við mat á því hvort þjónusta getur að fullu eða að verulegu leyti komið í stað annarrar er m.a. unnt að líta til þess hvort notendur telji viðkomandi þjónustu jafngilda eða hliðstæða vegna eðlis eða einkenna, verðs, fyrirhugaðrar notkunar eða annars sem máli skiptir við skilgreiningu á markaðnum. Hagfræðileg rök leiða til þess

² Fellt út vegna trúnaðar.

að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- og/eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í máli þessu er kvartað yfir því að bókaforlagið Edda hafi mismunað viðskiptavinum sínum við kaup á bókum frá forlaginu í desember sl. Að mati samkeppnisráðs varðar það mál sem hér um ræðir því heildsölu og dreifingu á bókum til endurseljenda. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að í samkeppnisrétti tilheyrir smásala annars vegar og heildsala/dreifing hins vegar sérstökum mörkuðum.³ Ljóst er að gagnvart endurseljendum er ekki staðganga milli bóka og annars afþreyingarefnis eins og t.d. hljómdiska eða tölvuleikja. Að mati samkeppnisráðs gildir þetta jafnt gagnvart sérhæfðum bókaverslunum sem bjóða bækur allt árið og stærri verslunum með fjölbreyttara vöruúrval, s.s. stórmörkuðum, sem takmarka framboð sitt að mestu við þann tíma fyrir jól þegar eftirspurn er í hámarki. Í ljósi þessa er það mat ráðsins að vörumarkaðurinn í máli þessu sé heildsala og dreifing á bókum.⁴

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Fyrir liggur að flest íslensk bókaforlög selja og dreifa bókum sínum um allt land. Eðli málsins samkvæmt er ekki um að ræða dreifingu á íslenskum bókum á erlenda markaði nema í takmörkuðum mæli. Að mati samkeppnisráðs telst sá landfræðilegi markaður sem þýðingu hefur í þessu máli landið allt, Ísland.

3.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga telst fyrirtæki markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Í því sambandi skiptir markaðshlutdeild miklu máli svo og stærð keppinauta. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2000 var fjallað um samruna Máls og menningar hf. og Vöku–Helgafells hf. auk dótturfélaga sem sameinuð standa núna að Eddu–miðlun og útgáfu. Með umræddri ákvörðun var samruna fyrirtækjanna sett skilyrði á grundvelli þágildandi samrunaákvæðis samkeppnislaga þar sem fyrirséð þótti að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu hins sameinaða fyrirtækis sem hefði skaðleg áhrif á samkeppni á bókamarkaðnum. Ekki fæst séð að frá þeim tíma sem ákvörðunin var tekin hafi orðið þær breytingar á skilgreindum markaði sem

³ Sjá t.d. ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 11/2000, *Yfirtaka Sölufélags garðyrkjumanna svf. og tengdra félaga á Ágæti hf.* og nr. 40/2001, *Erindi FÍH og Japís ehf. vegna samnings Skifunnar hf. og Aðfanga ehf. um sölu á geisladiskum.*

⁴ Sambærileg sjónarmið voru sett fram í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2001, *Erindi FÍH og Japís ehf. vegna samnings Skifunnar hf. og Aðfanga ehf. um sölu á geisladiskum.* Þar var vörumarkaður fyrir heildsölu og dreifingu á hljómdiskum skilgreindur sem sérstakur markaður sem ekki hefði staðgöngu við annað afþreyingarefni gagnvart endurseljendum.

gefi vísbendingar um að staða hins sameinaða fyrirtækis, þ.e. Eddu hafi breyst. Ætla má að yfirburðir fyrirtækisins yfir aðra keppinauta séu ennþá ótvíræðir. Að þessu virtu er það mat samkeppnisráðs að Edda sé markaðsráðandi í útgáfu og heildsölu dreifingu á bókum hér á landi.

4.

Eins og fyrr segir er misnotkun á markaðsráðandi stöðu bönnuð samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga og í dæmaskyni er í lagaákvæðinu m.a. nefnt að fyrirtæki í slíkri stöðu megi ekki mismuna viðskiptavinum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt. Að mati samkeppnisráðs þarf í máli þessu að taka til athugunar hvort þau viðskiptakjör og skilmálar sem Edda bauð kvartanda við sölu á bókum hafi falið í sér mismunun gagnvart viðskiptavinum bókaútgáfunnar og þar með brot á umræddu ákvæði samkeppnislaga. Rétt er að taka fram að ráðið fær ekki séð af gögnum málsins að Edda hafi synjað kvartanda um viðskipti á bókum eins og hann heldur fram. Kvartanda voru boðnar bækur til kaups gegn tilteknum viðskiptakjörum en kröfu hans um reikningsviðskipti og um að fá að skila óseldum bókum var hafnað.

Að mati kvartanda felur sú hegðun Eddu sem hér var lýst það í sér að verið sé að vernda bóksölu ótilgreindrar verslunardejju og viðhalda háu verði á bókum sem stríði gegn hagsmunum neytenda. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þetta sjónarmið kvartanda. Að mati ráðsins er ekki unnt að telja það óeðlilega viðskiptaskilmála af hálfu Eddu að veita stærstu endurseljendum bóka sem jafnframt hafa lengi átt í viðskiptum við fyrirtækið betri kjör en þeim sem kaupa minna magn og hafa jafnvel ekki átt í viðskiptum með bækur áður. Þá verður ekki séð að sú krafa Eddu að fara fram á staðgreiðsluviðskipti við kvartanda hafi verið óeðlileg sérstaklega með hliðsjón af því að hann var að hefja viðskipti með bækur.

Þegar framangreint er virt er það mat samkeppnisráðs að sú hegðun Eddu sem kvartað er yfir í máli þessu hafi ekki falið í sér brot á ákvæðum samkeppnislaga, sbr. 11. gr. laganna. Ekki verður annað séð en þeir viðskiptaskilmálar sem kvartanda stóðu til boða við kaup á bókum frá fyrirtækinu hafi verið byggðir á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Að mati ráðsins er því ekki ástæða til að aðhafast frekar í máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki eru tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“